

Mánudaginn 16. apríl 1984.

Nr. 192/1980. **Bjarni Ragnar Magnússon**

(Jóhann Þórðarson hdl.)

gegn

Guðmundi Heiðrekssyni

(Ragnar Steinbergsson hrl.)

Líkamsáverkar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson.

Árni Pálsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur samkvæmt heimild í 2. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 skotið til Hæstaréttar skaðabótaákvæði hins áfrýjaða dóms með stefnu 14. október 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 3. október 1980. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 5.904.00 krónur (nýkr.) með 19% ársvöxtum frá 29. júlí 1978 til 14. júní 1978, en með dómvöxtum (hæstu innlánsvöxtum), eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar á ákvæðum hins áfrýjaða dóms um skaðabætur. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt framangreindri kröfugerð varðar ágreiningur aðilja hér fyrir dómi ekki skaðabótaskyldu stefnda gagnvart áfrýjanda, heldur einungis fjárhæð þeirra skaðabóta, er honum ber að greiða.

Áfrýjandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Læknishjálp og bifreiðakostnaður	204.00 kr.
2. Missir vinnutekna í einn mánuð	2.700.00 kr.
2. Bætur fyrir þjáningar og annan miska	3.000.00 kr.
Samtals	5.904.00 kr.

Um 1. Kröfuliður þessi sætir ekki ágreiningi fyrir Hæstarétti og verður því tekinn til greina að fullu.

Um 2. Áfrýjandi var í orlofi með föstum mánaðarlaunum, er hann meiddist af völdum stefnda. Hófst orlofstíminn mánudaginn 24. júlí 1978, en var út runninn laugardaginn 19. ágúst. Hann hóf ekki vinnu aftur þegar að orlofi loknu, en vinnuveitandi hans greiddi honum laun fyrir allan ágústmánuð. Er sú greiðsla sundurliðuð með eftirgreindum hætti á launaseðli:

1. Laun	258.470 gkr.
2. Næturvinna 21 klst.	34.293 gkr.
3. Bifreiðastyrkur	30.000 gkr.
4. Orlof, 8.33% á næturvinnukaup	2.857 gkr.

Enda þótt áfrýjandi nyti launagreiðslna frá vinnuveitanda sínum í orlofi sínu, á hann rétt til skaðabóta úr hendi stefnda vegna þess, að hann gat ekki notið orlofsins með eðlilegum hætti, eftir að hann varð fyrir meiðslum af völdum stefnda. Voru það 3 vinnuvikur af 4 vikna orlofstíma alls. Hins vegar verða honum ekki dæmdar fébætur í lengri tíma, þar sem vinnuveitandi hans galt honum laun, eftir að orlofi lauk, þrátt fyrir fjarvistir hans.

Samkvæmt kröfubréfi umboðsmanns áfrýjanda til rannsóknarlögreglu ríkisins 13. mars 1979 gerði hann fébótakröfu samkvæmt þessum kröfulið fyrir „vinnutap í mánuð.“ Í bréfi hans til héraðsdómara 7. desember 1979 sagði enn fremur, að krafan væri miðuð „eingöngu við tapaðar vinnutekjur eins og þær voru fastar á umræddum tíma.“ Hefur ekki verið gerð nægileg grein fyrir því í málinu, að föst mánaðarlaun áfrýjanda hafi á þessum tíma verið hærri en þær 258.740 gkr., sem greindar eru á launaseðli áfrýjanda, en bifreiðastyrkur, er hann naut, skiptir hér ekki máli. Verður kröfuliður þessi samkvæmt framansögðu tekinn til greina með 1.938.50 nýkr. ($\frac{3}{4}$ hlutum af 2.584.70 krónum).

Um 3. Í hinum áfrýjaða dómi er lýst meiðslum áfrýjanda. Þau höfðu ekki í för með sér sjúkrahúsvist fyrir hann, og ekki voru settar á fótinn aðrar umbúðir en þrýstingsumbúðir. Hann kom nokkrum sinnum til eftirlits á Borgarspítalann í Reykjavík, síðast 1. september 1978. Verður þessi kröfuliður tekinn til greina með 1.500.00 krónum.

Í munnlegum flutningi málsins urðu aðiljar ásáttir á, að vextir

af bótafé yrðu reiknaðir frá 1. september 1978 og að öðru leyti í samræmi við kröfugerð áfrýjanda. Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 3.642.50 krónur (204.00 + 1.938.50 + 1.500.00 krónur) ásamt vöxtum, svo sem í dómsorði segir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 8.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Heiðreksson, greiði áfrýjanda, Bjarna Ragnari Magnússyni, 3.642.50 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. september 1978 til 14. júní 1979, en með dómvöxtum (hæstu innlánsvöxtum) frá 15. júní 1979 til greiðsludags, og 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 25. febrúar 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. febrúar 1980, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 1. nóvember 1979, „á hendur Guðmundi Heiðrekssyni, tæknifræðingi, Heiðarlundi 3-j á Akureyri, fæddum 23. október 1949 þar í bæ, fyrir að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 30. júlí 1978, er ákærði var staddur í forstofu samkomuhússins Freyvangs í Eyjafirði, að ósekju hrundið einum gestanna, Bjarna Ragnari Magnússyni, fæddum 28. september 1951 þannig að hann féll við og þunnur beinflaski rifnaði frá afturkanti vinstri sköflungs og rof kom í beinhimnu á fremri brún sköflungsins.

Telst þetta varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann hvorki sætt kærnum né refsingum, svo kunnugt sé.

Málavextir.

Aðfaranótt 30. júlí 1978 var ákærði á dansleik í samkomuhúsinu Freyvangi í Eyjafirði. Að dansleik loknum, þegar ákærði hugðist yfirgefa samkomuhúsið, hélt hann sig vera búinn að týna jakka þeim, sem hann hafði verið í þá um kvöldið. Ákærði var staddur í anddyri samkomuhússins,

þegar hann sér mann í eins jakka og hann hélt sig hafa týnt. Maður þessi heitir Bjarni Ragnar Magnússon. Ákærði taldi Bjarna vera í sínum jakka og bað hann Bjarna að fara úr jakkanum. Bjarni neitaði að fara úr jakkanum, þar sem hann átti jakkann. Ákærði segist hafa verið nokkuð reiður og hann því gengið að Bjarna og ýtt við honum, þannig að hann féll í gólfíð. Bjarni segir, að hann hafi fundið mikið til í fætinum, þegar hann stóð upp, og hafi hann verið haltur á vinstri fæti.

Þann 30. júlí fór Bjarni til röntgenskoðunar á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Skoðunin leiddi í ljós, að grunur var um sprungu neðst á sköflungi vinstri fótár. Þann 1. ágúst fór Bjarni til rannsóknar á slysadeild Borgarspítalans. Við skoðun kom í ljós, að vinstri öklaliður var mikið bólgin, virtist dálítill vökvi í liðnum, greinileg bólga var í liðböndum vinstri fótár, bæði innan og utan fótár. Á röntgenmynd kom í ljós að þunnur beinflaski hafði rifnað af afturkanti sköflungs, var þessi beinflaski aftan við sjálfan liðflötinn. Rof sást einnig í beinhimnu á fremri brún sköflungs.

Niðurstaða.

Með vísan til framburðar ákærða á dskj. 3. 4. 3., framburðar vitnisins Matthíasar Einarssonar á dskj. 3. 4. 2. og Bjarna Ragnars Magnússonar á dskj. 3. 1. 1. þykir sannað, að ákærði hratt Bjarna Ragnari Magnússyni aðfaranótt 30. júlí 1978 í anddyri samkomuhússins Freyvangs, þannig að Bjarni féll við.

Með vísan til framburðar vitnisins Matthíasar Einarssonar á dskj. nr. 3. 4. 2., og þar sem ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til þess, að Bjarni hafi hlotið þau meiðsli, sem fram koma á vinstri fæti hans við rannsóknir þann 30. 07. 1978 og 01. 08. 1978 með öðrum hætti en vegna byltu þeirrar, er hann hlaut af völdum ákærða í samkomuhúsinu Freyvangi aðfaranótt 30. júlí 1978, þykir sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir.

Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði gerst brotlegur við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Kröfur ákæruvaldsins verða því teknar til greina að öllu leyti. Með tilliti til þess, að ákærði hefur ekki áður sætt kærum eða refsingum, og þess, hvernig brot það, sem honum er gefið að sök, var framið, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 30 daga varðhald, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955, verður haldið.

Bjarni Ragnar Magnússon hefur lagt fram skaðabótakröfur, sbr. dskj. nr. 3. 5. 1. og dskj. nr. 5. Sundurliðar Bjarni kröfur sínar þannig:

1. Kostnaður vegna ferða til og frá lækni. Það athugast við þessa reikninga, sem eru á dskj. nr. 15, 16, 17 og 18, að þeir eru dagsettir 19. 02.

1979 og 06. 03. 1979. Ekki verður séð af gögnum málsins, að Bjarni hafi þurft að leita læknis vegna þeirra meiðsla, sem hann hlaut af völdum ákærða umfram það, sem fram kemur á dskj. nr. 3. 11. 2. Verða því þessir reikningar ekki teknir til greina við ákvörðun skaðabóta til handa Bjarna. Að visu kemur fram á dskj. nr. 8, að Bjarni hefur komið á slysadeild Borgarspítalans bæði 19. 02. 1979 og 06. 03. 1979, en ekki er fram komið, vegna hvers Bjarni kom í rannsókn í framangreind tvö skipti. Þykir því rétt að taka þennan lið til greina með kr. 8.550.

2. Kostnaður við læknishjálp. Þessum lið hefur ákærði ekki mótmælt sérstaklega. Ekki er lagður fram reikningur vegna kostnaðar, sem Bjarni varð fyrir vegna rannsóknar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Þar sem kröfu Bjarna er ekki mótmælt, þykir rétt að taka til greina kröfu hans um kr. 6.000 vegna þessa.

Varðandi kostnað af röntgenskoðun á slysadeild Borgarspítalans athugast það, að Bjarni hefur ekki leitt í ljós, vegna hvers hann fór á slysadeild Borgarspítalans þann 19. 02. og 06. 03. 1979. Verður því þessi liður tekinn til greina með kr. 1.800.

3. Vinnutap og miskabætur. Bjarni krefst kr. 270.000 í vinnutap fyrir mánuð. Mánuður sá, sem Bjarni krefst bóta fyrir, er ekki tilgreindur í bótakröfu hans. Ætla verður, að hér sé um ágústmánuð 1978 að ræða. Samkvæmt launaseðli á dskj. nr. 7 hefur Bjarni fengið greidd laun fyrir ágústmánuð 1978, kr. 325.620. Verður því ekki séð af gögnum málsins, að Bjarni hafi orðið fyrir tekjumissi vegna meiðsla þeirra, sem hann hlaut af völdum ákærða. Verður krafa þessi því eigi tekin til greina. Miskabætur til handa Bjarna Ragnari Magnússyni þykja hæfilega ákveðnar kr. 20.000.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dóm þennan kvað upp Árni Pálsson, fulltrúi bæjarfógeta.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Heiðreksson, sæti varðhaldi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955, verður haldið.

Ákærði greiði Bjarna Ragnari Magnússyni, kr. 41.750 í skaðabætur með 19% ársvöxtum af kr. 34.550 frá 30. júlí 1978, af kr. 36.350 frá 1. september 1978 og af kr. 41.750 frá 19. febrúar 1979 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.